




LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

# Hvernig tala ég við börnin?

## Foreldrar með krabbamein



**Félagsráðgjöf**  
**blóð- og krabbameinslækningadeilda Landspítalans**

## **Börn taka eftir þegar eitthvað er að:**

Veikindi foreldris hafa áhrif á alla fjölskylduna, bæði á daglegt líf og tilfinningar.

Láttu börnin fylgjast með því sem er að gerast varðandi veikindi þín, þannig er auðveldara fyrir þau að takast á við erfiðar aðstæður.

Áður fyrr var talað um að fullorðnir ættu ekki að segja börnum sínum frá erfiðum hlutum. Eðlilegt er að foreldrar reyni að vernda börn sín fyrir erfiðleikum, en börn eru klár og ef ekki er rætt við þau geta erfiðar aðstæður orðið enn verri.

Talaðu við barnið þegar þú sjálfur treystir þér til eða fáðu fríska foreldrið eða einhvern annan fullorðin til að gera það. Undirbúðu þig með því að leita að upplýsingum í bæklingum, bókum eða á netinu.

**Öll börn hafa styrkjandi þætti/ þrautseigju og þola oft meira mótlæti heldur en fullorðnir átta sig á.**

## **Notið tungumál barnsins.**

Börn og unglingar þurfa staðreyndir sem henta þeirra aldri

**2-5 ára leikskólabörn** lifa í núinu. Þau upplifa sig sem miðju alheimsins og geta því vel ímyndað sér að veikindin séu þeim að kenna. Það að daglegar venjur breytast getur verið hræðilegra en að mamma eða pabbi eru veik. Segið hvað hefur gerst og hvað mun gerast á einfaldan hátt.

**6- 12 ára börn** hafa mikinn áhuga á áþreifanlegum raunveruleika og eru farin að skilja að til eru hættur í lífinu. Þú getur þurft að útskýra mörgum sinnum að það er óvenjulegt að foreldrar eða börn veikist alvarlega þó að mamma eða pabbi hafi veikst. Skoðið gjarnan með barninu bækur, upplýsingabæklinga og netið.

**Unglingar** skilja alveg hvað það þýðir að hafa lífsógnandi sjúkdóm. Unglingarnir geta orðið of uppteknir af fjölskylduábyrgð, dregið sig í hlé eða tekið yfirvegað á erfiðum aðstæðum. Segðu unglíngnum frá veikindum þínum og hvernig meðferðin verður. Virtu einkalíf unglíngsins. Láttu unglínginn sjálfan ákveða hvort og hvenær hann/hún vill fylgja þér á sjúkrahúsið.

## **Mikilvægt er að foreldrar ræði við börnin um veikindin og þær breytingar sem þeim fylgja.**

Börn þurfa að vita að veikindi foreldra sé ekki þeim að kenna.

Börn þurfa að vita að krabbamein er ekki smitandi.

Börn þurfa að vita að þau séu örugg og að vel sé hugsað um þau meðan á veikindunum stendur, hvernig sem allt fer.

Börn þurfa að vita hvaða krabbamein foreldrið er með, hvar það er staðsett og meðferðaráætlun. Notið tungumál barnsins.

Börn þurfa að vita hvaða áhrif veikindin hafa á daglegt líf fjölskyldunnar.

Börn þurfa stuðning í skólum/leikskólum og því er mikilvægt að starfsmenn verði upplýstir um aðstæður barnsins.



Félagsráðgjafar á blóð- og krabbameinslækningadeildum starfa á göngudeildum og legudeildum Landspítalans:

- 11B dagdeild blóð- og krabbameinslækninga
- 10K geisladeild
- 21A kvenlækningadeild
- 11E krabbameinslækningadeild
- 11G blóðlækningadeild
- Líknardeild Kópavogi

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá vinsamlegast samband við félagsráðgjafa blóð- og krabbameinslækningaeilda Landspítalans í síma 543-1000.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
MARS 2014

HÖFUNDIR:  
FÉLAGSRÁÐGJAFAR BLÓÐ- OG KRABBAMEINSLÆKNINGAEILDA LANDSPÍTALANS  
B.Ó/G.S/S.E.

HÖNNUN:  
KYNNINGARMÁL LSH/ÁC

Byggt á:

Bæklingur frá Landstinget í Jönköping: om barns reaktioner när en förälder är allvarligt sjuk (2007).

Heimasíða Karítas, karitas.is, fjölskyldan og barnið (2011).

Bæklingur frá CancerBACUP: helping people live with cancer (1996).

Slóð á heimasíðu stofnunar: [www.macmillan.org.uk/Home.aspx](http://www.macmillan.org.uk/Home.aspx)